

Hljómsveitarstjórinn fljúgandi

EINA VIKU HÉR- ÞRÍJÁR Í NOREGI HVERN MÁNUÐ Í ALLAN VETUR

Karsten Andersen, norsk hljómsveitarstjórinn, sem hefur verið ráðinn aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í vetur, ætlar ekki aðeins að láta þar við sitja. Hann er nefnilega líka ráðinn aðalhljómsveitarstjóri Musikkelskapet Harmonien í Bergen, auk þess sem hann ætlar að skjótast í að stjórna nokkrum hljótleikum í Þrándheimi, Ósló og Brno í Tékkóslavakíu.

Sá sem borgar ferðir Andersens til og frá Íslandi er Sinfóníuhljómsveit Íslands, að því er framkvæmdastjóri hennar, Gunnar Guðmundsson, sagði


við Alþýðublaðið. Hann sagði enn fremur, að hugmyndin sé, skömmu fyrir hverja tónleika og hafi fjóra daga til æfinga.

Í viðtali við norskt blað fyrir skömmu sagði Andersen að hugmyndin sé, að hann fljúgi til Íslands einu sinni í mánuði til þess að stjórna og verði þar um það bil viku í senn. Síðan bætti hann því við, að með þessu móti komist svöltil regla á líferni hans. Bládamadurinn hváði við, og sagði Anderson þá til skýringar, að þetta þýði, að hann viti nákvæmlega hvert hann fer næst, og hvenær það verður. „Ég hef aldrei á æfinni getað

skipulagt mig svo langt fram í tímann“ sagði hann.

Þá var Anderson að því spurður, hvernig honum finnst tónlistarlífið á Íslandi. „Lífandi og áhugavert“. Það er athyglisvert að í svo litlum bæ sem Reykjavík er, koma að meðaltali 8-900 manns á tónleika. Munið, að þetta er mjög há hlutfallstala. Og ég hef orðið vitni að því, að um 500 manns komu á kammerkonsert í bióhúsi. Til viðbótar við tónlistarlífið. — Og þar á meðal er frábær kór. — er mjög gott leikhús í Reykjavík“.

Karsten Andersen var einnig spurður um íslenska tónlist, og lauk hann miklu lofsorði á hana.



Hljómsveitarstjóri á faraldsfæti: Karsten Andersen.

Hann sagði, að mikið sé samið af tónlist á Íslandi, en nefndi sérstaklega Jón Nordal. „Ég

hef miklar mætur á landinu og fólkið þar met ég mjög mikils“, sagði hann.

Franska hárgreiðslan í vetur

Ungfrú París: Einföld greiðsla



Við sjáum hér þrjár sýningarstúlkur, er greinilega sýna klippingaraðferðina. Langa hnakkahárið er engan veginn horfið. Hjá sýningarstúlkunni í miðju má greinilega sjá hin dökku hvirfilhár og ljósu framhár. Hárskerinn, er leggur síðustu hönd á greiðsluna, er Perry Wangsmo í Ósló.

Norska útibú hins franska „Syndicat Haute Coiffure Française“, en þar starfa 9 mjög færir norskir hárgreiðslumenn, sýndi nýlega hina frönsku hárgreiðslu haustsins og vetursins. Henni hefur verið gefið nafnið Ungfrú París og varð þannig til, að á götum úti voru ákveðnar konur spurðar spjörunum úr. Bæði ungar konur og eldri voru spurðar, ef til vill þó einkum hinar yngri, því að greiðslan er einföld, létt og mikið loft í henni.

En til þess þarf hárið að visu að vera rétt klippt. Það má ekki vera nema 6 cm. að lengd við eyrun og umhverfis andlit. Hins vegar má það og skal vera 8 cm. að lengd í hvirflinum. Er það gert til þess að unnt verði að lyfta hárinu þar. Til þess að leggja áherslu á andstæðurnar í þessari hárgreiðslu er lagt til, að það sé litad litid eitt, með dimum lit í hvirflinum en ljósari litum annars staðar. Þá þykir einnig fara vel á því, að nota „sjarterings“-liti inn á milli. —

Þessi einfalda hárgreiðsla sparar viðskiptavininum einnig tíma, því að hárinu er komið í þessar stellingar með greiðum, volgu lofti og krullujárni. Rétt þykir að nota litils háttar permanent í hár þeirra, sem ekki hafa ofurlitid líðað hár frá náttúrunnar hendi. Einkum á það við þar, sem styttri hárin eru. Að lokum er von til að spurt sé hve oft eigi að klippa hárið. Svarið er, að mælt sé með því, að það sé gert sjöttu hverja viku.



Hafnarfjarðar Apótek

Opið öll kvöld til kl. 7
Laugardaga til kl. 2
Helgidaga kl. 2 til 4.



Skipholt 29 — Sími 24466



BLÓMAHÚSIÐ
sími 83070

Skipholt 37
Opið til kl. 21.30.
Einnig laugardaga
og sunnudaga.



ÞAÐ BORGAR SIG
AÐ VERZLA Í KRON

TEL. 14444 • 25555
VEGALEIDIR
BÍLALEIGA CAR RENTAL